| Vöruheiti | Magn eða verðmæti |
|---|---|
| Niðursoðið og niðurlagt fiskmeti | US$ 4,0 — 6,5 milljónir |
| Prjónaðar ullarvörur | US$ 2,0 — 2,6 milljónir |
| Ullarteppi | US$ 1,0 — 1,3 milljónir |
| Treflar, ullargarn og gólfteppi | US$ 1,0 milljón með mögulegri aukningu |
| Málning og lökk | 1500 — 2000 tonn |
| Ýmsar vörur (skinn og skinnavörur, skófatnaður, pappírsöskjur og kassar, vélar og tæki fyrir fiskiðnað, fiskilínur og kaðlar, kísilgúr, ostur og annað) | US$ 1,5 milljónir |
| Vörur afgreiddar í vöruskiptum | Samkvæmt samkomulagi hlutaðeigandi aðila |

Nr. 19. 29. desember 1980.

# AUGLÝSING

**um samkomulag við Ísrael um menningar- og vísindasamstarf.**

Með orðsendingaskiptum dagsettum 10. október 1980 var gengið frá samkomulagi milli Íslands og Ísraels um menningar- og vísindasamstarf.

Orðsendingaskiptin eru birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 29. desember 1980.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Hörður Helgason.*

**Fylgiskjal.**

**a. Orðsending sendiherra Ísraels til utanríkisráðherra.**

Reykjavík, 10. október 1980

Hr. utanríkisráðherra.

Ég leyfi mér að tilkynna yður að ríkisstjórn Ísraels, er óskar að styrkja vinsamleg tengsl við lýðveldið Ísland, telur við hæfi að leggja til að ríkisstjórnir landanna tveggja stuðli að þróun menningar- og vísindasamvinnu milli landanna.

Ríkisstjórn Ísraels leggur til að samstarfið beinist m. a. að eftirtöldum málefnum:

Vísindum og tækni;
verktækni á sviði landbúnaðar;

**a. Note to the Minister for Foreign Affairs from the Ambassador of Israel**

Reykjavík, 10 October 1980

Your Excellency,

I have the honour to inform Your Excellency that the Government of the State of Israel, guided by the desire to strengthen friendly relations with the Republic of Iceland, considers it appropriate to propose that the Governments of the two countries promote the development of cultural and scientific cooperation between their two countries.

The Government of the State of Israel suggests that cooperation might comprise the following fields among others:

science and technology;
agricultural techniques;

hugvísindum, þ. á m. sagnfræði, fornleifafræði, tungumálum og bókmenntum;
menntun á öllum stigum, sérstaklega háskóla- og framhaldsmenntun;
listum: leiklist, kvikmyndum, danslist, tónlist, þjóðlögum, málaralist, höggmyndalist o. s. frv;
söfnum og varðveislu menningarminja;
íþróttum;
ferðamálum;
hverju öðru málefni sem aðilar ná samkomulagi um.

Starfa skal að málefnum þessum með:
Gagnkvæmum heimsóknum vísindamanna, manna sem starfa að fræðslumálum og sérfræðinga á ýmsum sviðum;
námsmanna- og námsstyrkjaskiptum;
ferðum listflytjenda, einstaklinga, hópa eða flokka;
skipulagningu eða þátttöku í vörusýningum og sýningum;
ráðstöfunum til að stuðla að þýðingum og útgáfu rita um menningararfleifð, bókmenntir, vísindi, tækni o. s. frv;
hvatningu til samstarfs stofnana í báðum löndum sem vinna að ofangreindum málefnum, en eru óháð ríkinu.

Semja skal fyrir fram hverju sinni opinbera boðleið eða milli hlutaðeigandi stofnana í hvoru landi um starfsemi þá sem lýst er hér að ofan, þ. á m. um framkvæmdar- og fjárhagsatriði og skilmála.

Ef ríkisstjórn Íslands samþykkir ofangreindar tillögur leyfi ég mér að leggja til að orðsending þessi og svar yðar þess efnis skuli gilda sem samkomulag milli ríkisstjórnanna tveggja og skal það öðlast gildi daginn sem svar yðar er dagsett og gilda þar til önnur hvor ríkisstjórnin segir því upp.

Ég votta yður, hr. ráðherra, enn á ný sérstaka virðingu mína.

Hava Hareli
Sendiherra Ísraels

Hr. utanríkisráðherra
Ólafur Jóhannesson
Reykjavík

humanistics, including, among others, history, archaeology, languages and literature;
education at all levels, especially university and post-graduate education;
the arts: theatre, cinema, dance, music, folk-music, painting and sculpture, etc.;
museums and preservation of cultural monuments;
sports;
tourism;
any other subject agreed upon by both sides.

Cooperation in these fields shall be achieved through:
visits and exchanges of scientists, educationalists and specialists in various fields;
exchange of students and fellowships;
tours of individual artists, groups or ensembles;
arrangement of, or participation in, fairs and exhibitions;
encouraging translation and publication of works of cultural heritage, literature, science, technology, etc.;
encouraging cooperation between non-governmental organizations in both countries active in the above-mentioned fields.

The activities outlined above, including organizational and financial aspects and conditions, shall in each case be agreed upon in advance through diplomatic channels or between the organizations concerned in each country.

If the Government of Iceland agrees to the above proposals I have the honour to propose that this Note together with Your Excellency's reply to that effect shall constitute an arrangement between the two Governments which shall enter into force on the date of your reply and remain in force until denounced by either Government.

I avail myself of this opportunity to renew to Your Excellency the assurances of my highest consideration.

Hava Hareli
Ambassador of Israel

H. E. Mr. Ólafur Jóhannesson
Minister for Foreign Affairs
of Iceland
Reykjavík

**b. Svar utanríkisráðherra til sendiherra Ísraels.**

Reykjavík, 10. október 1980

Sendiherra.

Ég leyfi mér að viðurkenna móttöku orðsendingar yðar dags. í dag, sem hljóðar svo:

[*Sjá orðsendingu hér að framan*]

Ég leyfi mér að staðfesta að ríkisstjórn Íslands getur fallist á ofangreindar tillögur og að orðsending yðar og svar þetta skoðast sem samkomulag milli ríkisstjórna vorra sem tekur gildi í dag og gildir þar til önnur hvor ríkisstjórnin segir því upp.

Ég votta yður, sendiherra, enn á ný sérstaka virðingu mína.

Ólafur Jóhannesson
utanríkisráðherra

Sendiherra Ísraels
Hava Hareli
Reykjavík

**b. Reply from the Minister for Foreign Affairs to the Ambassador of Israel**

Reykjavík, 10 October 1980

Your Excellency,

I have the honour to acknowledge receipt of Your Excellency's Note of today's date which reads as follows:

[*See Note above*]

I have the honour to confirm that the foregoing proposals are acceptable to the Government of Iceland and that your Note and this reply constitute an arrangement between our two Governments which shall enter into force today and remain in force until denounced by either Government.

I avail myself of this opportunity to renew to Your Excellency the assurances of my highest consideration.

Ólafur Jóhannesson
Minister for Foreign Affairs

H. E. Ms. Hava Hareli
Ambassador of Israel
Reykjavík

Nr. 20. 29. desember 1980.

# AUGLÝSING

**um samning við Pólland um samstarf og gagnkvæma aðstoð í tollamálum.**

Hinn 24. október 1979 var undirritaður í Varsjá samningur milli Íslands og Póllands um samstarf og gagnkvæma aðstoð í tollamálum. Í samræmi við 18. gr. samningsins tekur hann gildi í dag.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 29. desember 1980.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Hörður Helgason.*